

330 Forfallatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um váttryggingarsamninga.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.

2. Váttryggingarsvið.

- 2.1 Váttryggingin bætir þann hluta fargjalds og gistikostnaðar sem greiddur hefur verið og ekki fæst endurgreiddur af ferðaskrifstofu eða flugfélagi ef váttryggður getur ekki farið fyrirhugaða ferð vegna:
- dauðfalls, skyndilegs alvarlegs sjúkdóms eða slyss sem krefst sjúkrahúsvistar hans, maka hans, sambylismaka, barna hans eða barnabarna, foreldra hans eða tengdaforeldra, afa hans, ömmu eða systkina,
 - verulegs eignatjóns á Íslandi, annaðhvort á heimili hans eða í einkafyrirtæki, sem gerir nærveru hans nauðsynlega (lögregluskýrsla liggja fyrir).

3. Gildistaka, gildistími og greiðsla iðgjalds.

- 3.1 Það er skilyrði fyrir gildistöku váttryggingarinnar að:
- váttryggingin sé keypt sama dag og farþókun og greiðsla farseðils fer fram og
 - váttryggingartaka sé ekki kunnugt um tjón eða hafi grun um yfirvofandi tjón sem bótaskyld er úr váttryggingunni.
- 3.2 Váttryggingin gildir frá þeim tíma sem greindur er í váttryggingarskírteininu og fram að brottför.
- 3.3 Iðgjaldið skal greitt áður en váttryggingin tekur gildir, en greiðsla iðgjaldsins er skilyrði þess að ábyrgð félagsins hefjist.
- 3.4 Iðgjaldið telst ógreitt hafi váttryggingartaki ekki greitt það að fullu eða samið sérstaklega við félagið um greiðslu þess áður en váttryggingin skal taka gildi skv. (samkvæmt) 2. mgr. (málgrein).

4. Undanskildar áhættur.

- 4.1 Váttryggingin bætir ekki:
- tjón sem verða vegna meiðsla sem menn veita sjálfum sér vísvitandi,
 - tjón sem verða vegna veikinda sem rekja má til neyslu áfengra drykkja eða lyfja, utan lyfja sem tekin eru samkvæmt læknisráði að frátöldum lyfjum vegna læknismeðferðar vegna notkunar ávana- og fíkniefna,
 - tjón sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
 - tjón sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla eða annarra náttúruhamfara,
 - tjón sem verða vegna niðurfellingar eða seinkunar áætlunarferðar,
 - tjón sem verða vegna sjúkdóms eða meðferðar sem váttryggður var haldinn er váttryggingin var keypt, sjá b-lið gr. (grein) 3.1,
 - tjón vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla eða veira, af völdum hryðjuverka,
 - hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.

5. Svik og rangar upplýsingar.

- 5.1 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 5.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum

330 Forfallatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

6. Ráðstafanir vegna tjóns og greiðsla bóta.

- 6.1 Tilkynna skal tjón þegar í stað og framvísa læknisvottorði á þar til gerðum eyðublöðum frá félaginu eða lögregluskýrslu ásamt ferðareikningi og staðfestingu um að fargjald fái ekki endurgreitt að hluta eða öllu leyti. Vottorð svo og önnur gögn sem félagið kann að krefjast til að geta lagt mat á bótaskyldu sína ber tjónþola að leggja fram á eigin kostnað.
- 6.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 6.3 Ekki er greiddur sá hluti farseðils sem vátryggður á rétt á að fá endurgreiddan af ferðaskrifstofu / flugfélagi. Aðeins er greiddur sá hluti sem söluaðili getur krafist greiðslu á, á tjónsdegi.
- 6.4 Ef kröfuhafi á jafnframt rétt á bótum úr annarri vátryggingu vegna sama tjónsatburðar, fer uppgjör bóta eftir reglum 37. gr. laga nr. 30/2004.

7. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 7.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.
- 7.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 7.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 7.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.